



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 7. september 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 49. fundar þriðjudaginn 7. september 2004 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 26. ágúst 2004.
2. Fundargerð Héraðsbókasafns A-Húnavetninga frá 24. ágúst 2004.
3. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 2. september 2004.
4. Hagræðing vegna skipulagsbreytinga – minnisblað frá bæjarstjóra.

Afgreiðslur:

Forseti bauð velkomna fulltrúa fegrunarnefndar og þau Svövu Leifsdóttur, Sveinbjörn Sigurðsson Mýrarbraut 1, og Elínu Sigurðardóttur Torfalæk. Að lokinni kaffidrykkju afhenti Jón Sigurðsson, fulltrúi fegrunarnefndar, fegrunarverðlaun fyrir árið 2004. Þau Svava og Sveinbjörn fá verðlaun fyrir garð sinn að Mýrarbraut 1, sem nefndin segir í umsögn að sé fallegur, fjölskrúðugur og vel hirtur. Þá fékk Heimilisiðnaðarsafnið verðlaun sem Elín Sigurðardóttir tók á móti. Í umsögn nefndarinnar þykir aðkoma að safninu falleg, götumynd bætt og heildarmynd góð. Að verðlaunaafhendingu lokinni var gengið til dagskrár.

Forseti bæjarstjórnar óskaði eftir því að upp verði tekinn liðurinn önnur mál, fundurinn samþykkti það.

1. Fundargerð 93. fundar bæjarráðs frá 26. ágúst sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 12 liðum. Að loknum ítarlegum umræðum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþ. með 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð Héraðsbókasafns A-Húnavetninga frá 24. ágúst sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin borin upp, hún var samþ. með 6 atkv. 1 var fjarverandi.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. september sl. tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin var samþ. með 7 atkv. samhljóða.
4. Hagræðing vegna skipulagsbreytinga – minnisblað frá bæjarstjóra. Bæjarstjóri lagði fram minnisblaðið og skýrði það. Talsverðar umræður urðu um þennan dagskrárlið.

Önnur mál.

A) Fundargerð fræðslu-, íþrótta- og tómstundaneftndar frá 6. september sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin sem er í þrem liðum var borin upp, hún var samþ. með 7 atkv. samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Auðunn Steinn Sigurðsson

Ragnar Ingi Tómasson
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Hjálmarsdóttir
Hjördís Blöndal